

**Sp.**

## **115. Tillaga til þingsályktunar**

um útvarpsfréttir.

Flm.: Gisli Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að ríkisútvarpið flytji engar þær fréttir, hvorki í frásögn né auglýsingum, er á nokkurn hátt mega gefa upplýsingar um innflutning, útflutning, viðskiptaveltu eða aðra afkomu þjóðarinnar, á meðan á ófriðnum stendur.

### **Greinargerð.**

Það er vitað, að ríkisútvarpið hefur jafnan flutt fregnir úr dagblöðunum um margvíslega afkomu þjóðarinnar á þessum tímum, meðal annars nú alveg nýlega ýmislegt úr skýrslu Landsbankans. Þótt slíkt mætti sýnast meinlaust, þá getur það samt sem áður gefið margvíslegar upplýsingar, sem draga mætti af ákveðnar ályktanir, er engan veginn væru skaðlausar þjóðinni. Ber hér því að gæta fyllstu varúðar í þessum efnum, svo lengi sem ófriðurinn varir.